

Nd.

203. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnu-
fjelög.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hluti nefndarinnar telur mjög varhugavert að samþykkja frv.
þetta. Eins og sakir standa nú, telur minni hlutinn þessa breytingu geta orð-
ið til þess að veikja lánstraust kaupfjelaganna og sambandsins í heild sinni.

Auk þess telur minni hlutinn ábyrgðaráhættuna lítið minka við þessa breytingu, þar sem það mundi lenda á hverju fjelagi í heild sinni, ef fjárprot yrði í einni eða fleirum deildum fjelagsins.

Hins vegar telur minni hlutinn, að breyta þurfi á nálægum tíma nokkrum atriðum í samvinnulögunum, og virðist rjettast að þær breytingar verði teknar til meðferðar í einu lagi.

Leggjum við því til, að frv. verði felt.

Alþingi, 22. mars 1923.

Björn Hallsson. Gunnar Sigurðsson,
frsm.